

Föstudaginn 18. júní 1971.

Nr. 23/1971. **Gunnar Viggó Frederiksen**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

**Vilborgu Kristjánsdóttur sjálfri og vegna
ólögráða barna hennar, Guðrúnar Jóhanns-
dóttur, Heiðu Elínar Jóhannsdóttur og Jó-
hanns Gísla Jóhannssonar, og
Kristjáni Jóhannssyni og gagnsök**

(Sigurður Sigurðsson hrl.)

svo og

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Ragnari Jónssyni og (sjálfur)

Sigurði Sigurðssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Dánarbætur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. febrúar 1971 og krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og að lögmanni hans „verði ákveðin málsvarnarlaun, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál“, en aðaláfrýjanda, sem hafði gjafvörn í héraði, var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 1. júní 1971.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 23. febrúar 1971. Krefjast þeir þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim samtals kr. 3.920.064.00 með 7% ársvöxtum frá 9. maí 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti 26. febrúar 1971.

Gagnáfrýjandinn Kristján Jóhannsson er nú orðinn fullráða og hefur sjálfur tekið við máli sínu fyrir Hæstarétti.

Með stefnu 30. apríl 1971 áfrýjaði fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs máli þessu. Krefst hann þess, að dæmd málflutningslaun skipaðra lögmanna aðilja máls þessa fyrir héraðsdómi verði lækkuð.

Stefndu í þessum þætti málsins, Ragnar Jónsson og Sigurður Sigurðsson, krefjast þess aðallega, að þessum þætti málsins verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum meðalgönguadilja. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hans hendi.

I.

Í málinu er komið fram, að meðalgönguadili greiddi án fyrirvara gjafsóknar- og gjafvarnarlaun þau, er í héraðsdómi greinir, Sigurði Sigurðssyni hinn 19. febrúar 1971 og Ragnari Jónssyni hinn 9. marz 1971. Fyrirvaralaus greiðsla hinna dæmdu fjárhæða samrýmist ekki áfrýjun meðalgöngusakar, og ber því að vísa henni frá Hæstarétti. Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

II.

Málsatvikum er réttilega lýst í héraðsdómi.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjandi beri fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjenda, sem þau hafa beðið vegna fráfalls Jóhanns Gíslasonar hinn 9. maí 1968.

Kröfur sínar sundurliða gagnáfrýjendur þannig:

A. Kröfur Vilborgar Kristjánsdóttur:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr. 2.194.499.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum —	250.000.00
3. Þjáningabætur	— 150.000.00

Samtals kr. 2.594.499.00

B. Kröfur Guðrúnar Jóhannsdóttur:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr. 9.064.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum —	150.000.00
3. Þjáningabætur	— 150.000.00

Samtals kr. 309.064.00

C. Kröfur Heiðu Elínar Jóhannsdóttur:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	59.433.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum —		150.000.00
3. Þjáningabætur	—	150.000.00

Samtals kr. 359.433.00

D. Kröfur Jóhanns Gísla Jóhannssonar:

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	207.068.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum —		150.000.00

Samtals kr. 357.068.00

E. Kröfur Kristjáns Jóhannssonar:

1. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum kr.	150.000.00
2. Þjáningabætur	— 150.000.00

Samtals kr. 300.000.00

Um A. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur 21. nóvember 1970 reiknað með líkindatölum fjárhagstjón gagn-áfrýjanda Vilborgar Kristjánsdóttur vegna missis eiginmanns hennar, miðað við, að hún hefði notið helmingis af atvinnutekjum hans. Taldist tryggingafræðingnum svo til, að tjónið næmi alls kr. 2.273.448.00. Til viðbótar þessu hefur Vilborg reiknað sem sitt tjón helming verðmætis risnufjár og helming verðmætis bifreiðarstyrks, er eiginmaður hennar naut frá vinnuveitanda sínum, samtals kr. 420.589.00. Frá tjóninu, þannig reiknuðu, hefur Vilborg dregið verðmæti slysabóta, mæðralauna og ekkjulífeyris, sem hún nýtur frá almannatryggingunum, samtals kr. 499.538.00.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að risnufé og bifreiðarstyrkur geti ekki talizt til framfærslueyris í þessu sambandi.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var Jóhann heitinn félagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna, og nýtur ekkja hans nokkurs lífeyris þaðan. Hefur tryggingafræðingurinn áætlað verðmæti þessa lífeyris í hennar hendi kr.

210.613.00. Eins og hér stendur á, þykja ekki efni til að draga fjárhæð þessa frá tjóni Vilborgar.

Eins og heimilishögum Vilborgar er nú háttað, þykir ekki ástæða til að lækka bótakröfur hennar vegna væntanlegra tekna af vinnu utan heimilis. Fallast má á niðurstöðu héraðsdóms varðandi greiðslu vinnuveitanda Jóhanns heitins til Vilborgar, en vinnuveitandinn hefur lýst því, að hann muni eigi krefja þetta fé síðar úr hendi aðaláfrýjanda. Þá má fallast á niðurstöðu héraðsdóms um slysaftryggingafé það, er Vilborg hefur fengið greitt.

Þegar gætt er þeirra atriða, sem hér eru að framan rakin, og annars þess, sem hér skiptir máli, þykja bætur til gagnáfrýjanda Vilborgar Kristjánsdóttur fyrir missi fyrirvinnu hæfilega ákveðnar kr. 900.000.00.

Bætur til hennar fyrir röskun á stöðu og högum þykja hæfilega ákveðnar kr. 125.000.00. Fallast má á niðurstöðu héraðsdóms, að því þjáningabætur varðar.

Um B, C og D. Bætur til ófjárráða barna gagnáfrýjanda Vilborgar Kristjánsdóttur, þeirra Guðrúnar Jóhannsdóttur, Heiðu Elínar Jóhannsdóttur og Jóhanns Gísla Jóhannssonar, fyrir missi framfærandar og röskun á stöðu og högum þykja hæfilega ákveðnar í héraðsdómi kr. 65.000.00 til Guðrúnar, kr. 90.000.00 til Elínar Heiðu og kr. 160.000.00 til Jóhanns Gísla. Fallast má á niðurstöðu héraðsdóms um sérstakar þjáningabætur þeim til handa.

Um E. Ætla má, eins og fjárhag og atvinnutekjum Jóhanns heitins var háttað, að gagnáfrýjandi Kristján Jóhannsson hefði notið nokkurs fjárstyrks frá honum til framfærslu. Fallast má á, að Kristján hafi orðið fyrir nokkurri röskun á stöðu og högum við fráfali föður síns. Eru bætur til hans af þessu efni hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00. Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um sérstakar þjáningabætur honum til handa.

Aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjendum 7% ársvexti af dæmdum fjárhæðum frá 9. maí 1968 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda

til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 200.000.00 og renni í ríkissjóð.

Bæði aðaláfrýjandi og gagnáfrýjendur höfðu gjafsókn og gjafvörn í máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti. Ber því að dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað máls þessa bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málssóknar- og málsvarnarlaun lögmannna beggja aðilja, sem ákveðast kr. 200.000.00 til hvors fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Kröfum fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs á hendur Ragnari Jónssyni og Sigurði Sigurðssyni er vísað frá Hæstarétti, en málskostnaður í þeim þætti málsins fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Gunnar Viggó Frederiksen, greiði gagnáfrýjanda Vilborgu Kristjánsdóttur sjálfri kr. 1.025.000.00, f. h. Guðrúnar Jóhannsdóttur kr. 65.000.00, f. h. Heiðu Elínar Jóhannsdóttur kr. 90.000.00, f. h. Jóhanns Gísla Jóhannssonar kr. 160.000.00 og svo Kristjáni Jóhannssyni kr. 60.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 9. maí 1968 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað í máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 200.000.00, sem renni í ríkissjóð.

Kostnaður málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmans, kr. 200.000.00, og laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, kr. 200.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. febrúar 1971.**1.0.**

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 12. febrúar 1970. Munnlegur málflutningur fór fram í því 18. febrúar, og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnendur málsins eru Vilborg Kristjánsdóttir, Tómasarhaga 25, Reykjavík, f. h. sjálfrar sín og barna sinna, Kristjáns Jóhannsonar, fædds 1. janúar 1951, Guðrúnar Jóhannsdóttur, fæddrar 9. desember 1952, Heiðu Elínar Jóhannsdóttur, fæddrar 7. september 1955, og Jóhanns Gísla Jóhannssonar, fædds 26. apríl 1968, allra til heimilis á sama stað.

Stefndi er Gunnar Viggó Frederiksen, til heimilis að Karfavogi 13, Reykjavík, en nú til dvalar að Litla-Hrauni, Árnessýslu.

Dómkröfur stefnenda voru upphaflega að fjárhæð samtals kr. 3.494.322.00, en voru hækkaðar við munnlegan flutning málsins með samkomulagi aðilja í kr. 3.920.064.00. Krefjast stefnendur þeirrar fjárhæðar auk 8% ársvaxta frá 9. maí 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að mati réttarins, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál. Um nánari sundurliðun stefnukrafnanna vísast til 3.2.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að hann verði sýknaður að verulegu leyti og bætur ákveðnar að mati dómsins. Loks krefst stefndi, að umboðsmanni hans verði ákveðin málsvarnarlaun, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 21. maí 1969, var stefnendum veitt gjafsókn í máli þessu.

Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 1. apríl 1970, var stefnda veitt gjafvörn hér fyrir dómi í máli þessu.

Sáttatilraunir hafa verið reyndar, en ekki borði árangur.

2.0.

2.1. Málavextir eru þeir, að árla morguns þann 9. maí 1968 lézt Jóhann Gíslason, Tómasarhaga 25, Reykjavík, af völdum áverka, sem stefndi veitti honum. Nefndur Jóhann var eiginmaður stefnanda Vilborgar Kristjánsdóttur og faðir barnanna Kristjáns, Guðrúnar, Heiðu Elínar og Jóhanns Gísla, sem eru meðstefnendur í máli þessu, svo sem áður greinir.

Jóhann heitinn Gíslason var sviptur lífi á heimili sínu í viðurvist stefnanda Vilborgar og þriggja elztu barna hennar.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 27. nóvember 1968, var

höfðað opinbert mál á hendur stefnda út af framangreindu atviki. Í ákæruskjali er brot stefnda heimfært undir 211. gr. almennra hegningarlag nr. 19/1940.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. marz 1969, var stefndi dæmdur til 16 ára fangelsisvistar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Í forsendum dómsins segir m. a. svo:

„Með framburðum ákærða og vitna svo og öðrum gögnum málsins, sem rakin hafa verið í fyrri köflum dómsins, er sannað, að ákærði svipti Jóhann heitinn Gíslason lífi af ásettu ráði, eins og greinir í ákæru. Varðar það atferli hans við 211. gr. almennra hegningarlag nr. 19/1940.

Kemur þá sérstaklega til athugunar, hversu styrkur og einbeittur vilji ákærða til verknaðarins var.

Ekkert hefur komið fram í þá átt, að ákærði hafi borið óvildarhug til Jóhanns Gíslasonar, áður en ákærði fór til Bandaríkjanna í maí 1967.

Ákærði gat ekki sætt sig við það, að flugþjálfun hans var svo hagað, að henni var ekki lokið, er þota Flugfélagsins hélt til Íslands 23. júní 1967, og hrapaði hann þá að því að fara við svo búið heim með þotunni í heimildarleysi. Varð það til þess, að ákærði var látinn hætta starfi sínu hjá Flugfélaginu, og er ljóst, að hann tók það mjög nærri sér.

Ákærði hélt, að Jóhann Gíslason hefði átt sök á því, að ákærði gat ekki lokið flugþjálfun sinni í tæka tíð, svo og að Jóhann hefði lagt til, að ákærði yrði látinn víkja úr starfi. Hefur þó alls ekkert komið fram í málinu, er renni stoðum undir þessa skoðun ákærða. Ákærði lagði af þessum sökum hatur á Jóhann, og jókst það eftir því sem stundir liðu fram. Hvarflaði jafnvel að honum í fáein skipti að vinna á Jóhanni, án þess þó að til þess ræki.

Hugur ákærða snerist stöðugt um það að komast aftur í flugstjórastarf sitt. Kannaði hann möguleika á því og virtist um áramótin 1967—1968 hafa verið vongóðir um, að úr því gæti orðið. Síðar, máské í marz 1968, kveðst ákærði hafa hitt mann, er hann hafði vænt, að yrði sér hljáplegur í þessu efni, og hafi maðurinn þá sagt honum, að það þýddi víst ekkert að eiga við þetta mál. Hafi þetta orðið sér mikil vonbrigði. Þegar svo ákærði eftir kvöldverðarhóf og neyzlu áfengis hitti sama mann aðfaranótt 9. maí f. á., kveðst hann hafa spurt hann að því, hvað gert hefði verið honum til stuðnings, og þá fengið staðfest, að ekkert hefði verið gert. Hafi samtali þeirra lokið með rifrildi.

Ákærði hélt síðan heim til sín þessa nótt, tók fram skammbýssu,

er hann hafði haft undir höndum rúmt ár, og hlóð hana 9 skotum. Ók hann síðan vestur að Tómasarhaga 25 í því skyni að hitta Jóhann, og kveðst ákærði hafa haft byssuna með sér til að skjóta Jóhann, ef svo bæri undir. Skaut ákærði svo umsvifalaust á Jóhann, þegar er hann sá hann inni í húsinu.

Ekki þykir fullvíst, að sá ásetningur ákærða að ráða Jóhanni bana hafi verið orðinn til fyrr en aðfaranótt 9. maí, en sá ásetningur hefur verið ákveðinn að fullu eigi síðar en þegar ákærði lagði af stað heiman að frá sér áleiðis að Tómasarhaga 25 með hlaðna byssu.

Það þykir ekki vera skilyrði til þess að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 74. gr., 4. töl., né 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.

Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 18. júní 1969, var héraðsdómurinn staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

3.0.

3.1. Stefnendur telja það viðurkennda reglu íslensks bótaréttar, að sá, sem með refsiverðum verknaði baki öðrum tjón, sé bótaábyrgur gegn tjónþola. Sé þetta án nokkurs vafa, þegar um brot sé að ræða á þeim ákvæðum laga, sem sett séu til verndar lífi manna, eignum og æru. Stefnendur telja bótaskyldu í tilvikum því, sem hér um ræðir, taka bæði til fjárhagslegs og ófjárhagslegs tjóns og sé hún beinlínis lögboðin í 264. gr. laga nr. 19/1940.

3.2. Svohljóðandi grein er nú gerð fyrir stefnukröfunum:

a. Krafa Vilborgar Kristjánsdóttur:

Fyrir missi framfæranda	kr. 2.194.499.00	
Fyrir röskun á stöðu og högum —	250.000.00	
Þjáningabætur	150.000.00	kr. 2.594.499.00

b. Krafa Kristjáns Jóhannssonar:

Fyrir röskun á stöðu og högum kr.	150.000.00	
Þjáningabætur	150.000.00	— 300.000.00

c. Krafa Guðrúnar Jóhannsdóttur:

Fyrir missi framfæranda	kr. 9.064.00	
Fyrir röskun á stöðu og högum —	150.000.00	
Þjáningabætur	150.000.00	— 309.064.00

d. Krafa Heiðu Elínar Jóhannsdóttur:

Fyrir missi framfæranda	kr. 59.433.00	
Fyrir röskun á stöðu og högum —	150.000.00	

Þjáningabætur	kr. 150.000.00	kr. 359.433.00
e. Krafa Jóhanns Gísla Jóhannssonar:		
Fyrir missi framfæranda . . .	kr. 207.068.00	
Fyrir röskun á stöðu og högum —	150.000.00 —	357.068.00

Alls kr. 3.920.064.00

Kröfur fyrir missi framfæranda reisa stefnendur (nema Kristján Jóhannsson) á því, að þeir hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna missis hans. Til grundvallar kröfum þessum liggja útreikningar Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Útreikningar þessir eru tveir. Hinn fyrri er dags. 21. janúar 1969, en hinn síðari 21. nóvember 1970. Endanlegar fjárkröfur eru miðaðar við síðari útreikninginn. Engu að síður verður hér að rekja meginefni beggja þessara skjala, þar sem fyrri útreikningurinn hefur að geyma forsendur fyrir þeim síðari.

Í aðalatriðum er útreikningurinn frá 21. janúar 1969 svohljóðandi:

„Bætur vegna fráfalls Jóhanns Gíslasonar.

Að beiðni yðar, herra hæstaréttarlögmaður, hef ég gert eftirfarandi útreikninga í sambandi við tjón frú Vilborgar Kristjánsdóttur, Tómasarhaga 25, Reykjavík, og barna hennar vegna missis fyrirvinnu, en eiginmaður Vilborgar, Jóhann Gíslason, beið bana 9. maí 1968.

Jóhann var sagður fæddur 1. maí 1925 og var samkvæmt því 43 ára að aldri, er hann lézt. Ekkja hans er sögð fædd 29. marz 1930 og hefur því verið 38 ára að aldri, er hún missti mann sinn, og samkvæmt upplýsingum yðar eru börn þeirra hjóna fjögur, þ. e. Kristján, f. 4. janúar 1951, Guðrún, f. 9. desember 1952, Heiða Elín, f. 7. september 1955, Jóhann Gísli, f. 26. apríl 1968.

A. Bætur til barna.

Venja er að miða útreikninga á bótum til barna vegna dauða fyrirvinnu við barnalífeyri almannatrygginga. Hef ég reiknað árlegan barnalífeyri sem hér segir: . . .

Sé reiknað með ofangreindum bótum til þeirra þriggja barna, sem voru innan 16 ára aldurs við fráfall Jóhanns, fram til fullnaðs 16 ára aldurs þeirra, reiknast mér verðmæti bótanna á slysdegi nema:

. . . Tekið skal fram, að barnalífeyrir hefur á undanförnum árum hækkað minna en ýmsar aðrar bætur almannatrygginga, en í staðinn hefur verið tekin upp aukin greiðsla mæðralauna, og

enn fremur eru fjölskyldubætur nú greiddar samtímis barnalífeyri gagnstætt því, sem áður gildi.

B. Bætur til ekkju.

Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum Jóhanns heitins fyrir starfsárin 1964—1967 voru launatekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið 1964		kr. 226.748.40
— 1965		— 271.057.00
— 1966		— 330.262.00
— 1967		— 360.597.00

Starfsárin 1965—1967 er talin fram risna, kr. 30.000.00 árið 1965, en kr. 35.000.00 hvort áranna 1966 og 1967. Þá er talinn fram bifreiðastyrkur árið 1965, kr. 42.000.00, en ekki er getið um slíkan styrk á framtölum fyrir hin árin.

Allar framangreindar tekjur eru fyrir störf hjá Flugfélagi Íslands h.f. Ég hef umreiknað launatekjur til kauplags, eins og það hefur verið undanfarið ár, með hliðsjón af breytingum á kauphöxtum verzlunarmanna. Reiknast mér meðalárslaun 1965—1967, þ. e. þriggja heilla starfsára fyrir fráfalið Jóhanns, umreiknuð á þann hátt, nema kr. 353.519.00. Er þá ekki reiknað með neinum vísitöluuppbótum samkvæmt samningi frá 18. marz 1968, enda eru árstekjur svo háar, að slíkar uppbætur koma vart til greina. Þegar tillit er tekið til kauplagsbreytinga, virðast árstekjurnar fara hægt vaxandi á umræddu tímabili. Má því ætla, að annað hvort hafi aukastörf verið vaxandi eða föst laun hækkað meira á tímabilinu en taxti verzlunarmanna gefur til kynna (hin umreiknuðu meðalárslaun eru lítið eitt lægri en launatekjur ársins 1967).

Af framangreindum árstekjum, kr. 353.519.00, er fyrst tekinn framfærslueyri barnanna þriggja, jafnhár barnalífeyri almanna-trygginga, fram til 16 ára aldurs hvers barns, en síðan er ekkjunni reiknaður helmingur þeirra tekna, sem eftir verða. Verðmæti slíks framfærslueyris til handa Vilborgu Kristjánsdóttur reiknast mér nema á dánardegi Jóhanns: ...

Oft er lítið á bifreiðastyrki og risnufé sem kaupuppbætur, og kemur því til álita, hvort rétt sé að taka tillit til slíkra greiðslna að meira eða minna leyti við ákvörðun bóta fyrir fráfalið fyrirvinnu. Sé ekkjunni reiknaður helmingur risnufjár, kr. 35.000.00 á ári, sbr. skattframtöl fyrir starfsárin 1966 og 1967, reiknast mér verðmæti á slysdegi nema kr. 191.177.00. Sé henni reiknaður

helmingur bifreiðastyrks, eins og hann er tilgreindur á framtali fyrir starfsárið 1965 (kr. 42.000.00 á ári), reiknast mér verðmæti á slysdegi nema kr. 229.412.00. ...

Við framangreinda útreikninga hefur ekki verið tekið tillit til hugsanlegra starfa Vilborgar utan heimilis, en tekjur af slíkum störfum eru taldar fram fyrir árin 1966 og 1967, kr. 10.600.00 fyrrnefnda árið, en kr. 19.124.00 síðarnefnda árið. Aðstaða Vilborgar að þessu leyti hefur að sjálfsögðu breytzt við það, að hún eignaðist fjórða barn sitt á árinu 1968, og hlýtur áætlun um slíkar tekjur í framtíðinni að vera ótraust. Ekki er heldur tekið tillit til giftingarlíkna í framtíðinni. ...

Töflur þær, sem notaðar hafa verið við útreikningana, miðast við starfsorkulíkur samkvæmt sænskri reynslu, dánarlíkur samkvæmt íslenskri reynslu 1951—1960 og 7% vexti p. a.“.

Síðari útreikningurinn hljóðar svo:

„Reykjavík, 21. nóvember 1970.

Hr. Sigurður Hafstein, hdl., Reykjavík.

Bætur vegna fráfalls Jóhanns Gíslasonar.

Að beiðni yðar, herra héraðsdómslögmaður, hef ég endurskoðað útreikning minn frá 21. janúar 1969, sem gerður var fyrir Sigurð Sigurðsson, hrl., vegna fráfalls Jóhanns Gíslasonar, Tómasarhaga 25, Reykjavík. Við endurskoðunina hefur verið tekið tillit til hækkana, sem orðið hafa á launum og bótagreiðslum almannatrygginga, og enn fremur er gerð grein fyrir atriðum, sem sérstakar óskir hafa verið látnir í ljós um, að fá tekin með.

A. Bætur til barna.

Frá dánardegi Jóhanns hefur árlegur barnalífeyrir almannatrygginga verið sem hér segir:

Árið 1968	kr. 16.134.00
Árið 1969	— 18.876.00
Janúar—júní 1970	— 19.860.00
Eftir þann tíma	— 23.832.00

Þegar þessar fjárhæðir eru lagðar til grundvallar, reiknast mér bætur til þriggja barna Jóhanns verða sem hér segir:

Til Guðrúnar	kr. 9.064.00
— Heiðu Elínar	— 59.433.00
— Jóhanns Gísla	— 207.068.00

B. Bætur til ekkju.

Svo sem tekið var fram í fyrri útreikningi, voru tekjur Jóhanns árin 1965—1967 umreiknaðar til kauplags, eins og það var frá slysdegi til þess tíma, er útreikningur fór fram, með hliðsjón af breytingum á kauptöxtum verzlunarmanna. Í samningi frá 18. marz 1968 var tekið fram, að engar hækkanir skyldu koma á laun, er voru umfram tiltekið hámark. Í samningi frá 19. maí 1969 var hins vegar tekið fram, að samningurinn tæki ekki til slíkra launa, en framkvæmd mun hafa orðið sú, að frá þeim tíma hafi verðlagsuppbót almennt verið greidd. Hjá Flugfélagi Íslands hef ég fengið þær upplýsingar, að frá 1. júlí 1970 hafi verið greidd 15% launahækkun og frekari hækkun hafi verið til athugunar, en engin ákvörðun hafi verið tekin í því efni. Hef ég því reiknað með 15% hækkun 1. júlí og hinni almennu verðlagsuppbót, 4.21%, 1. september s.l. Með því móti reiknast mér árs-tekjur þær, sem lagðar voru til grundvallar við fyrri útreikning, verða sem hér segir:

Frá slysdegi til 19/5 1969	kr. 353.519.00
— 20/5 til 31/8 1969	— 367.919.00
— 1/9 til 30/11 1969	— 372.119.00
— 1/12 1969 til 28/2 1970	— 374.543.00
— 1/3 til 31/5 1970	— 376.907.00
— 1/6 til 30/6 1970	— 382.283.00
— 1/7 til 31/8 1970	— 439.625.00
— 1/9 1970	— 458.133.00

Með því að skipta ofangreindum tekjum eftir sömu aðferð og notuð var við fyrri útreikning reiknast mér verðmæti framfærslueyris ekkjunnar til handa nema á dánardegi Jóhanns kr. 2.273.448.00.

Ég hef ekki talið vera grundvöll fyrir endurskoðun á fyrri útreikningi á verðmæti risnufjár og bifreiðastyrks.

Árlegar fjárhæðir mæðralauna og ekkjulífeyris frá almannatryggingum reiknast mér vera sem hér segir:

Árið 1968	kr. 35.035.00
Árið 1969	— 20.496.00
Janúar—júní 1970	— 21.564.00
Júlí 1970—sept. 1971	— 25.872.00
Okt. 1971—apríl 1984	— 4.764.00
Maí 1984—marz 1997	— 23.292.00

Árlegar slysabætur (8 ára bætur) til ekkju eru sem hér segir:

Árið 1968	kr. 46.104.00
Árið 1969	— 53.940.00
Jan.—júni 1970	— 56.748.00
Eftir þann tíma	— 68.100.00

Verðmæti framangreindra bóta almannatrygginga á slysdegi reiknast mér nema:

Verðmæti 8 ára slysabóta	kr. 376.369.00
Verðm. mæðrالاuna og ekkjulífeyr. .	— 123.169.00

Óskað hefur verið eftir útreikningi á verðmæti tekna ekkjunnar af vinnu utan heimilis, miðað við störf hennar fyrir slysið. Svo sem tekið var fram við fyrri útreikning, námu launatekjur hennar kr. 10.600.00 árið 1966 og kr. 19.124.00 árið 1967. Ef meðaltekjur þessara tveggja ára, umreiknaðar með tilliti til kauplagsbreytinga (með hliðsjón af breytingum á almennum tekjum verkamanna), eru lagðar til grundvallar, reiknast mér árstekjur verða sem hér segir:

Frá slysdegi til 19/5 1969 (meðaltal)	kr. 16.632.00
frá 20/5 1969 til 31/8 1970 (meðaltal)	— 20.075.00
Eftir þann tíma	— 24.737.00

Verðmæti hálfra þessara tekna (miðað við, að tekjurnar komi nú allar í hlut ekkjunnar, en hefðu ella skipzt milli hjónanna á sama hátt og tekjur mannsins, sbr. framanritað) reiknast mér nema á slysdegi kr. 128.704.00.

C. Lífeyrisréttindi.

Við fyrri útreikning var dregið á réttindi Jóhanns í lífeyris-sjóði, en útreikningur ekki gerður í því sambandi. Hjá Lífeyris-sjóði verzlunarmanna hef ég fengið þær upplýsingar, að börn Jóhanns njóti barnalífeyris úr sjóðnum frá 1. júní 1968 til loka þess mánaðar, er barnið verður 16 ára, og sé lífeyririnn 25% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Verðmæti þessa barnalífeyris er því 25% hærri en verðmæti það, sem tilgreint er í A-lið hér að framan.

Ekkja Jóhanns fær ekkjulífeyri úr sama sjóði, kr. 30.768.00 á ári. Sé til frádráttar verðmæti þessa lífeyris reiknað verðmæti

hans, hálftr verðmæti áunninna ellilífeyrisréttinda Jóhanns og 6% framlag vinnuveitanda frá slysdegi af umreiknuðum þeim launum, sem iðgjöld til sjóðsins voru greidd af (allir frádráttarliðir eru við það miðaðir, að Jóhann hefði haldið lífi), reiknast mér verðmæti nettó nema á slysdegi kr. 210.613.00.

Tekið skal fram, að hér er um fremur grófa reikningsaðferð að ræða.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, skírskotast til fyrri útreiknings.

Stefnandi Vilborg telur sig eiga rétt á bótum samkvæmt ofangreindu að fjárhæð kr. 2.273.448.00, að viðbættum helming af verðmæti risnufjár að fjárhæð kr. 191.177.00 og bifreiðarstyrks að fjárhæð kr. 229.312.00, eins og rakið er í fyrri útreikningi.

Stefnandi Vilborg fellst á, að þessu til frádráttar eigi að koma verðmæti bóta, sem hún fær úr almannatryggingum, þ. e. verðmæti 8 ára slysabóta og verðmæti mæðralauna og ekkjúlífeyris, að fjárhæð samtals kr. 499.538.00, eins og rakið er í útreikningi tryggingafræðingsins frá 21. nóvember 1970.

Kemur þá út hin endanlega krafa stefnanda Vilborgar fyrir missi framfæranda að fjárhæð kr. 2.194.499.00.

Eins og um getur í útreikningum tryggingafræðingsins, hefur stefnandi Vilborg unnið utan heimilis á árunum 1966 og 1967. Eins og þar getur, er verðmæti hálfra þessara teknar talið nema kr. 128.704.00.

Samkvæmt sama útreikningi á stefnandi Vilborg rétt á ekkjúlífeyri úr Lífeyrissjóði verzlunarmanna að nettóverðmæti kr. 210.613.00. Hún telur, að þessar fjárhæðir eigi ekki að koma að neinu leyti til frádráttar bótakröfum sínum samkvæmt framan-sögðu.

Lögmaður stefnenda hefur upplýst, að stefnandi Vilborg fái greiðslur frá vinnuveitanda eftir lát Jóhanns heitins.

Um þetta segir nánar í bréfi vinnuveitandans, dags. 28. janúar 1971:

„2. Eftir lát Jóhanns ákvað stjórn Flugfélagsins, að ekkju hans skyldu greidd „eftirlaun“, svo sem hér greinir:

1968 (1/6—31/12): Fullt kaup Jóhanns.

1969: Helming þeirrar upphæðar, er kaup og kjör Jóhanns hefði numið.

1970: Þriðjung hliðstæðrar upphæðar.

1971: Fjórtíu hluta hliðstæðrar upphæðar.

Allar framangreindar greiðslur eru umfram skyldu félagsins, og engar frekari greiðslur til Vilborgar eru ráðgerðar.

3. Greiðslur þessar eru sem hér greinir:

v/1968 (júní—des.)	kr. 275.207.00
v/1969	— 273.633.00
v/1970	— 212.993.00
v/1971 (áætlað)	— 180.000.00

Alls kr. 941.833.00“.

Lögmaður stefnenda telur fjárhæð þessa hafa verið greidda umfram skyldu og án fyrirvara um endurkröfu á hendur tjónvaldi og því eigi hún heldur ekki að koma til frádráttar framan- greindri bótakröfu.

Loks hefur umboðsmaður upplýst, að við fráfali Jóhanns heitins hafi stefnandi Vilborg fengið greidda slysatryggingu að fjárhæð kr. 800.000.00, en þessa tryggingu kveður hann Jóhann hafa keypt á frjálsum markaði. Hann kveðst heldur ekki geta á það fallið, að þessi fjárhæð eigi að skerða bótarétt stefnanda Vilborgar samkvæmt framansögðu.

Allir stefnendur gera kröfu um bætur fyrir röskun á stöðu og högum. Þau telja ómótælanlegt, að við fráfali Jóhanns heitins Gíslasonar hafi orðið miklar breytingar á högum og stöðu ekkjunnar og barnanna til hins verra. Þau benda á, að myndast hafi dómvenja hjá dómstólunum um að dæma bætur í svipuðum tilvikum og hér um ræði.

Loks gera stefnendur (nema Jóhann Gísli) sérstakar kröfur til þjáningabóta, eins og vikið er að. Er hún á því reist, að stefndi hafi svipt Jóhann heitinn Gíslason lífi á heimili sínu í viðurvist stefnenda, Vilborgar og þriggja elztu barnanna. Hafi allt atferli hans verið þannig, að óhjákvæmilegt sé annað en að það hafi haft mikil áhrif á stefnanda Vilborgu og þau börn, sem hafi verið vitni að atburðinum.

3.3. Sýknukrafa stefnda er á því reist, að stefnendur hafi ekki komið fram með bótakröfu sína í refsímalinu á hendur stefnda, eins og skylt hafi verið. Eigi hafi það heldur verið kunnugt, að slík bótakrafa mundi koma fram síðar.

Þetta hafi valdið því, að refsing hafi orðið þyngri en ella og af þessum sökum hafi stefndur firrt sig rétti til þess að krefja bóta af því tilefni.

Stefndi telur, að eldri refsilöggjöf hafi boðið, að refsikrafa og fjárfrafa yrðu að fara saman út af broti á samsvarandi ákvæði og 211. gr. laga nr. 19/1940 fjalli nú um. Jafnframt er því mótmælt, að ákvæði laga nr. 19/1940 hafi breytt reglunni að þessu leyti.

3.4. Til lækkunar bótakröfunum hefur stefndi vísað í rök þau, sem fjallað var um í 3.3. Í því sambandi vikur stefndi að því, að 2. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 heimili aðeins að dæma bætur, en engin skylda sé lögð á dómara að dæma þær og því síður fullar bætur. Þá telur stefndi, að 2. mgr. 264. gr. nefndra laga heimili ekki aðeins að taka tillit til aðstæðna stefnenda, heldur einnig stefnda. Þannig bendir stefndi á, að hann hafi nú verið dæmdur til 16 ára fangelsisvistar og sé nú að taka út þá refsingu. Það sé þyngsta refsing, sem tíðkanleg sé hér á landi. Hann verði þannig ófrjáls maður bezta hluta ævi sinnar. Auk þess sé á það að líta, að stefndi eigi fjögur börn, sem fædd séu á árunum 1949, 1952, 1955 og 1960.

Stefndi telur heimildarlaust að reikna bifreiðarstyrk og risnu Jóhanns heitins til tekna hans, því að þar sé ekki um laun að ræða. Hann bendir enn fremur á, að til lækkunar fjárhagslegu tjóni stefnenda eigi að koma: nettóverðmæti lífeyrisgreiðslu frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, að fjárhæð kr. 210.613.00, slysa-tryggingafé, sem stefnandi Vilborg hafi hlotið, að fjárhæð kr. 800.000.00, framlag frá vinnuveitanda Jóhanns eftir lát hans, að fjárhæð samtals um kr. 941.833.00, og helmingur af verðmæti vinnutekna Vilborgar, að fjárhæð kr. 128.704.00.

Þá er þess krafizt, að frá bótakröfunni verði virt til frádráttar það hagræði að fá eingreiðslu, skattfrelsi bótanna og önnur atriði, sem venja sé að taka tillit til. Að endingu hefur vaxtafæti verið mótmælt sem of háum.

Fjárkröfum stefnenda fyrir röskun á stöðu og högum er mótmælt. Telur stefndi að rökstyðja þurfi þá fjárupphæð, sem krafizt er í þessu tilviki.

Fjárkröfum stefnenda vegna sérstakra þjáningabóta er mótmælt, þar sem stefndi telur lagaheimild breyta til að dæma slíka kröfu. Telur stefndi óheimilt að dæma bætur fyrir þjáningar, hvort sem það er beint eða óbeint.

4.0

4.1. Atvik þau, sem leiddu til dauða Jóhanns heitins Gíslasonar, hafa verið rakin í 2.0.

Eins og þar greinir, var stefndi dæmdur í Hæstarétti Íslands til 16 ára fangelsisvistar fyrir að vera valdur að dauða Jóhanns heitins.

Þessi atvik verða nú lögð til grundvallar í bótamáli stefnenda á hendur stefnda, enda hefur þeim ekki verið sérstaklega mótmælt hér fyrir dómi.

Samkvæmt þessu og með skírskotun í 264. gr. laga nr. 19/1940 verður talið, að stefndi beri óskipta fébótaábyrgð gagnvart stefnendum á dauða Jóhanns heitins Gíslasonar.

Svo sem vikið er að í 3.3., hefur stefndi mótmælt því, að krafa sú, sem hér er um deilt, hafi verið sett fram í sakamálinu á hendur stefnda. Krefst hann sýknu af stefnukröfunum af þeim sökum.

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 3. gr. sömu laga, á sá, sem beðið hefur tjón á háttsemi þeirri, sem sökunautur er borinn, þess kost að koma bótkröfu sinni að í væntanlegu refsímáli, ef krafan fullnægir þeim skilyrðum, sem nánar eru rakin í áður tilvitnaðri lagagrein. Ekki er hér um skyldu að tefla, heldur þeim, sem fyrir órétti hefur orðið, veitt visst réttarfarshagræði.

Hvorki verður talið, að 264. gr. laga nr. 19/1940 né aðrar réttarheimildir haggi framangreindu. Eigi hefur heldur verið sýnt fram á, að stefnendur hafi með öðrum hætti firrt sig bótarétti á hendur stefnda.

Af þessum sökum eru eigi efni til þess að taka sýknukröfu stefnda til greina.

4.2. Hér verða teknir til meðferðar einstakir fjárkröfuliðir í sömu röð og þeir hafa verið raktir í 3.2.

Um lið a. Við mat á fjárbótum til stefnanda Vilborgar um missi fyrirvinnu þykir mega miða við verðmæti framfærslueyris ekkjunnar á dánardægri Jóhanns, að fjárhæð kr. 2.273.448.00, sbr. 3.2.

Hins vegar verður eigi fallizt á, að verðmæti risnufjár og bifreiðarstyrks geti talizt til framfærslueyris ekkjunnar, enda ekki hér um launagreiðslur að ræða.

Upplýst er, að Jóhann heitinn var sjóðsfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Sjóðsfélagar geta aðallega orðið þeir, sem eru fullgildir meðlimir Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og fullra 18 ára að aldri. Við lát Jóhanns öðlaðist stefnandi Vilborg rétt til greiðslna úr sjóðnum, sem eru miðaðar við starfstíma Jóhanns

og ákveðið hlutfall meðalárstekna hans miðað við nokkur síðustu starfsárin, að nettóverðmæti kr. 210.613.00.

Varðandi þessar bætur þykir rétt að beita grunnreglunni í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 og virða þær til frádráttar á kr. 120.000.00, sbr. 264. gr. laga nr. 19/1940.

Af hinum framlögðu skattframtölum verður ráðið, að stefnandi Vilborg hefur haft tekjur utan heimilis á árinu 1966 og 1967, en af framtölum á árunum 1965 og 1966 verður eigi séð, að slíkar tekjur hafi verið taldar fram. Jafnframt er upplýst, að hún eignaðist fjórða barn sitt á árinu 1968. Tekjur þessar þykja svo óverulegar og óvissar með hliðsjón af framanrituðu, að ekki þykir rétt að draga frá stefnukröfunni helming verðmætis þeirra. Hins vegar má hafa hliðsjón af þeim við ákvörðun bótanna.

Svo sem rakið er í 3.2., fær stefnandi Vilborg greiddan frá vinnuveitanda Jóhanns heitins hluta af launum hans á árunum 1968—1971, að fjárhæð samtals um kr. 941.833.00. Þessar fjárgreiðslur eru inntar af hendi án beinnar skyldu. Stefnandi hefur haldið því fram, að eigi hafi verið gerður neinn fyrirvari varðandi endurgreiðslu varðandi fjárhæð þessa. Þessi fullyrðing hefur ekki sætt rökstuddum andmælum.

Fjárhæð sú, sem hér greinir, er þess eðlis, að eigi ber að draga hana frá bótakröfum stefnanda Vilborgar. Á hinn bóginn má hafa fjárhæð þessa í huga, þegar bætur eru ákveðnar.

Eigi verður fallið á það með stefnda, að slysatryggingafé það, sem vikið var að í 3.2., eigi að koma til frádráttar bótakröfum stefnanda Vilborgar. Um það fjárframlag þykir rétt að beita grunnreglunni í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954. Hins vegar þykir rétt að hafa fjárhæð þessa í huga, þegar bætur eru ákveðnar.

Þegar allt framanritað er virt og haft í huga skattfrelsi bóttanna, það hagræði að fá þær greiddar í einu lagi og önnur atriði, sem hér þykja skipta máli, þykir óbætt fjárhagstjón stefnanda Vilborgar hæfilega ákveðið kr. 1.050.000.00.

Ljóst þykir, að stefnandi Vilborg hafi orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum við það atvik, er Jóhann heitinn var sviptur lífi. Sé litið til aldurs stefnanda Vilborgar, þess, sem upplýst er um hag hennar, og jafnframt höfð í huga atvik að láti Jóhanns heitins, þykja bætur til hennar af þessum sökum hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00. Hins vegar bresta lagarök til þess að taka til greina sérstaka kröfu um þjáningabætur, sbr. 2. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940.

Um lið b. Kristján Jóhannsson þykir eiga rétt til bóta fyrir röskun á stöðu og högum úr hendi stefnda. Þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00, en sérstakar þjáningabætur verða ekki teknar til greina samkvæmt ofansögðu.

Um liði c-e. Telja verður, að þau Guðrún, Heiða Elín og Jóhann Gísli eigi rétt á bótum úr hendi stefnda vegna missis framfæranda, sem fari fram úr hinu lögskipaða meðlagi frá almannatryggingum og þeim lífeyri, sem þau eigi að öðru leyti von á, sbr. 3.2.

Verður að reikna með, að verðmæti þeirrar framfærslu, sem þau hefðu notið frá föðurnum, hefði numið hærri upphæð en því nemur. Þegar þau atriði eru virt, sem hér þykir skipta máli, þykja bætur hæfilega ákveðnar í einu lagi fyrir missi fyrirvinnu og röskun á stöðu og högum kr. 65.000.00 til Guðrúnar, kr. 90.000.00 til Heiðu Elínar og kr. 160.000.00 til Jóhanns Gísla, en kröfu þeirra um sérstakar þjáningabætur verður ekki sinnt.

Samkvæmt framanrituðu verður stefndi dæmdur til þess að greiða Vilborgu Kristjánsdóttur sjálfri kr. 1.200.000.00, f. h. Kristjáns kr. 60.000.00, f. h. Guðrúnar kr. 65.000.00, f. h. Heiðu Elínar kr. 90.000.00 og f. h. Jóhanns Gísla kr. 160.000.00 ásamt vöxtum, sem þykja hæfilega ákveðnir 7% á ári frá 9. maí 1968 til greiðsludags.

Þar sem bæði hefur verið veitt í málinu gjafvörn og gjafsókn, er eigi efni til þess að dæma málskostnað, en málflutningslaun lögmannna aðilja, Sigurðar Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns og Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, sem greiðast úr ríkissjóði, þykja hæfilega ákveðin kr. 150.000.00 til hvors um sig.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Viggó Frederiksen, greiði stefnanda Vilborgu Kristjánsdóttur sjálfri kr. 1.200.000.00, f. h. Kristjáns Jóhannssonar kr. 60.000.00, f. h. Guðrúnar Jóhannsdóttur kr. 65.000.00, f. h. Heiðu Elínar Jóhannsdóttur kr. 90.000.00 og f. h. Jóhanns Gísla Jóhannssonar kr. 160.000.00, allt með 7% ársvöxtum frá 9. maí 1968 til greiðsludags.

Málflutningslaun skipaðs lögmanns stefnanda, Sigurðar Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, og skipaðs lögmanns stefnda, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.000.00 til hvors um sig, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. júní 1971.

Nr. 37/1971. Gísli Jónsson

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h.

bæjarsjóðs og gagnsök

(Jóhann Ragnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Samningar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. marz 1971. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 408.112.00 með 7% ársvöxtum af kr. 222.010.00 frá 1. janúar 1968 til 1. september 1968 og af kr. 408.112.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. apríl 1971. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Á þeim tíma, sem um er fjallað í máli þessu, veitti aðaláfrýjandi viðtöku án fyrirvara launum frá gagnáfrýjanda, sem ákveðin voru í samræmi við ákvæði III. kafla gerðardómsins frá 19. ágúst 1963 að viðbættum almennum hækkunum og verðlagsbótum. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.